

S5 Áhættumat

Tryggir rekstrar- og upplýsingaöryggi



S5 Áhættumat er notendavænt og heildstætt hugbúnaðarkerfi fyrir áhættumat og stjórnun upplýsingaöryggis. Kerfið auðveldar til muna framkvæmd áhættumats og að fylgja eftir niðurstöðum þess.



S5 Áhættumat er veflausn og því aðgengilegt öllum skilgreindum notendum sem aðgang hafa að veraldarvefnum. Viðmót kerfisins er notendavænt og auðvelt er að læra á það. Kerfið leiðir notandann áfram á öruggan hátt í gegnum áhættumatsferlið og innleiðingu fyrirbyggjandi ráðstafana vegna aðsteðjandi ógna.

Í S5 Áhættumati er meðal annars hægt að:

- Skrá og flokka eignir eftir eðli, virði (mikilvægi) og aðgengi
- Greina áhættuþætti (ógnir), sem að eignum stafa og meta á kerfisbundinn og hlutlægan hátt alvarleika þeirra
- Skilgreina fyrirbyggjandi ráðstafanir vegna ógna (s.s. úrbótaverkefni) með það að markmiði að lágmarka öryggisáhættu
- Stýra innleiðingu ráðstafana og stjórnkerfi upplýsingaöryggis
- Framkvæma áhættumat fyrir starfsemina í heild eða ákveðna þætti hennar
- Endurskoða áhættumat eftir þörfum meðal annars með því að byggja á niðurstöðum fyrra áhættumats. Eignaskrá og ógnir eru þá endurmetnar, nýjar eignir og ógnir eru skilgreindar og eldri felldar út eftir því sem við á
- Útbúa nothæfisyfirlýsingu fyrir vottun þar sem fram kemur hvaða stýringar staðalsins ÍST ISO/IEC 27001 hafa verið innleiddar og hverjar ekki ásamt nauðsynlegum rökstuðningi. Yfirlýsingin er auk þess greinargóður vitnisburður um ástand upplýsingaöryggis hjá fyrirtækinu

Helstu kostir S5 Áhættumats eru:

- Betra og skilvirkara skipulag við áhættumat
- Auðveldari innleiðing stjórnkerfis upplýsingaöryggis
- Markvissari greining áhættuþátta og auðveldari stjórnun þeirra
- Kerfið er einfalt í uppsetningu og notkun
- Kerfið er sveigjanlegt og auðvelt í viðhaldi
- Kerfið býður upp á margvíslegar sýnir á gögn og veitir góða yfirsýn yfir ástand upplýsingaöryggis hverju sinni
- Kerfið leggur til margvíslegar og gagnlegar stoðupplýsingar, svo sem fyrirfram skilgreinda áhættuþætti, sem algengt er að ógni öryggi mikilvægra eigna, gagnráðstafanir sem staðallinn ÍST ISO/IEC 27001 leggur til vegna ógna o.fl.
- Kerfið er til bæði á íslensku og ensku



Upplýsingaöryggi

Stjórnun upplýsingaöryggis er nauðsynlegur þáttur í að tryggja samfelldni í rekstri skipulagsheilda og órjúfanlegur hluti af rekstraröryggi þeirra. Tilgangur þess er meðal annars að koma í veg fyrir atvik sem truflað geta reksturinn eða lágmarka áhrif af slíkum atvikum.

Áhættumat

Áhættumat er meginþáttur í að koma á og viðhalda stjórnkerfi upplýsingaöryggis. Við áhættumat er ákvarðað hvaða eignir þarf að vernda, greindar ógnir sem að þeim steðja og ákveðnar aðgerðir til að vernda eignirnar og þannig draga úr líkum á áföllum og tjóni.

S5 Áhættumat og staðallinn ÍST ISO/IEC 27001

S5 Áhættumat er þróað af sérfræðingum Kögunar með áralanga reynslu í stjórnun upplýsingaöryggis. Kerfið tekur mið af staðlinum ÍST ISO/IEC 27001, sem er alþjóðastaðall og veitir leiðbeiningar við að koma upp og innleiða stjórnkerfi upplýsingaöryggis.

Innleiðing og ráðgjöf

Hjá Kögun starfa ráðgjafar með margra ára reynslu og víðtæka þekkingu á ráðgjöf í stjórnun upplýsingaöryggis. Þeir veita aðstoð við innleiðingu kerfisins og framkvæmd áhættumats í samræmi við óskir og þarfir einstakra viðskiptavina.

Nánari upplýsingar um S5 Áhættumat veita markaðsstjórar og ráðgjafar Kögunar. Sé þess óskað býður Kögun upp á ítarlega kynningu á kerfinu og hvernig það getur nýst fyrirtækjum og stofnunum við að auka upplýsingaöryggi.

S5 hugbúnaðarkerfið

S5 Áhættumat er þróað í hugbúnaðarkerfinu S5, en það er hugbúnaður hannaður til að búa til sérsniðnar veflausnir. S5 er byggður upp á stökum einingum, sem raða má saman og búa þannig til sérsniðna hugbúnaðarlausn án mikils tilkostnaðar. Með því móti er hægt að spara mikla forritunaryrvinu, sem felst í því að skrifa tölvukerfi frá grunni. Á skömmum tíma er til dæmis hægt að setja upp skjalastjórnunarkerfi, verkbeiðnakerfi eða málakerfi, sem er fullkomlega aðlagð að þörfum viðskiptavinarins.

Í stað þess að kaupa S5 lausn (s.s. S5 Áhættumat) getur viðskiptavinur leigt aðgang að lausninni, sem þá er hýst hjá Kögun eða hjá öðrum hýsingaraðila.

Um Kögun

Kögun er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins og sinnir jafnt ráðgjöf og hugbúnaðargerð. Hjá fyrirtækinu starfa um 80 sérfræðingar með víðtæka þekkingu og reynslu á sviði upplýsingatækni.

Árið 2006 var Kögun í 7. sæti yfir framsæknustu fyrirtæki Evrópu.

